

**ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 333/2022**

**frá 9. desember 2022**

**um breytingu á X. viðauka (Almenn þjónusta) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 <sup>(1)</sup>.
- 2) X. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

X. viðauka við EES-samninginn verður breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við 3. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012):

„– **32018 R 1724**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1).“

2. Eftirfarandi aðlögunartexti bætist við á eftir aðlögunartexta b) í 3. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1024/2012):

„c) Í annarri mgr. 5. gr.:

- i) í b-lið, koma orðin „EES-samningsins“ í stað orðanna „lögjafar Sambandsins“,
- ii) í g-lið, er orðunum „Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“,
- d) Í 4. mgr. 9. gr. er orðunum „ Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „Framkvæmdastjórnin“.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1.

3. Eftirfarandi er bætt við á eftir 4. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/302):

„5. **32018 R 1724:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/1724 frá 2. október 2018 um að koma á sameiginlegri stafrænni gátt til að veita aðgang að upplýsingum, málsmeðferðarreglum og aðstoð og þjónustu til lausnar á vandamálum og um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1024/2012 (Stjtið. ESB L 295, 21.11.2018, bls. 1):

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Skilja ber vísanir til löggjafar Sambandsins sem vísanir til EES-samningsins.
- b) Í 1. mgr. 1. gr. koma orðin „a- til d-liðar 2. mgr. 1. gr. EES-samningsins“ í stað orðanna „2. mgr. 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (TFEU)“.
- c) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 3. mgr. 5. gr.:

„Að því er EFTA-ríkin varðar, skal framkvæmdastjórnin virkja tenglana, sbr. 1. mgr., að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

- d) Í 4. mgr. 6. gr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir orðinu „framkvæmdastjórnin“.

- e) Í 4. mgr. 7. gr. er eftirfarandi undirgrein bætt við:

„Að því er EFTA-ríkin varðar, skal framkvæmdastjórnin virkja tenglana, sbr. 3. mgr., að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

- f) Í 17. gr. er eftirfarandi málsgrein bætt við:

„4. Að því er EFTA-ríkin varðar, skal framkvæmdastjórnin aftengja upplýsingarnar, málsmeðferðina, aðstoðina eða þjónustuna til lausnar á vandamálum tímabundið, sbr. d-lið 2. mgr. eða aftengja aðstoðina eða þjónustuna til lausnar á vandamálum, sbr. 3. mgr., að beiðni Eftirlitsstofnunar EFTA.“

- g) Í 3. mgr. og 4. mgr. 25. gr. er orðunum „, Eftirlitsstofnun EFTA“ bætt við á eftir hugtakinu „framkvæmdastjórnin“.

- h) Í 29. gr. er orðunum „og fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA“ bætt við á eftir orðinu „aðildarríki“.

- i) Í I. viðauka, að því er varðar EFTA-ríkin, koma orðin „viðeigandi löggjöf“ í stað orðanna „tollalögum Sambandsins“.

2. gr.

Texti reglugerðar (ESB) 2018/1724, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 10. desember 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 9. desember 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

***Kristján Andri Stefánsson***

*formaður*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

## Sameiginleg yfirlýsing samningsaðilanna

### vegna ákvörðunar nr. 333/2022 sem felur í sér ákvæði um að fella reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) 2018/1724 inn í samninginn

„Ýmis svið sem vísað er til í I. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1724 og ýmsar málsmeðferðir sem vísað er til í II. viðauka við reglugerð (ESB) 2018/1724 falla utan við gildissvið EES-samningsins. Upptaka þessarar reglugerðar er með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.“